

50
23. marz

1. svæði: Vestmannaeyjar — Reykjanes
1. febrúar — 15. júní.
2. svæði: Reykjanes — Horn
1. febrúar — 15. júní
15. júní — 31. október.
3. svæði: Horn — Langanes
15. febrúar — 15. júní
15. september — 15. nóvember.
4. svæði: Langanes — Hornafjörður
1. febrúar — 1. júní.

3. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Berist sjóðstjórninni umsókn um bætur úr sjóðnum, skal hún þegar rannsaka aflabrögð á viðkomandi veiðisvæði. Leiði sú rannsókn í ljós, að um aflabrest hafi verið að ræða, skal ráðherra samkv. tillögum sjóðstjórnar, og eftir að leitað hefur verið samþykkis Landssambands isl. útgerðarmanna, Alþýðusambands Íslands og Fiskifélags Íslands, ákveða meðalveiðimagn fyrir svæðið, og skal það gilda sem meðalveiðimagn, er reikna skal út bótagreiðslur úr sjóðnum.

Meðalveiðimagn þetta gildir þó aðeins við útreikning bóta úr sjóðnum fyrir þau skip, sem eigi hafa skemmri úthaldstíma en ákveðinn er í reglugerðinni fyrir viðkomandi svæði, en lækkar hlutfallslega ef úthaldstíminn er styttri.

Bráðabirgðaákvæði:

Ákvæði þessarar reglugerðar, að því er varðar IV. og V. flokk, skulu taka til tímabilsins frá 1. jan. 1951.

Reglugerðarbreyting þessi er sett samkv. lögum nr. 48 25. maí 1949, um hluta-tryggingasjóð bátaútvegsins, og öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnumálaráðuneytið, 23. marz 1953.

Ólafur Thors.

Gunnl. E. Briem.

51
24. marz Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Benedikts Sveinsonar, sýslumanns“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 24. marz 1953.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Benedikts Sveinssonar, sýslumanns.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með dánargjöf frá Ragnheiðar Benediktsdóttur á Akureyri, til minningar um föður hennar, Benedikt Sveinsson, sýslumann. Stofnfé er kr. 10800.00.

2. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Benedikts Sveinssonar, sýslumanns.

3. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörzlum háskólaráðs. Skal það sjá um, að fé hans sé jafnan ávaxtað sem tryggilegast, og gera árlega reikning hans. Reikningur sjóðsins skal endurskoðaður með sama hætti og reikningar annarra sjóða háskólans og birtur í Árbók háskólans.

51

24. marz

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Arður allur af eignum sjóðsins skal lagður við höfuðstól hans, þar til hann nemur kr. 25000.00.

5. gr.

Þegar sjóðurinn hefur náð upphæð þeirri, sem greinir í 4. gr., má árlega veita úr honum sem svarar $\frac{4}{5}$ hlutum tekna sjóðsins undanfarin ár. Skal fé því, er til úthlutunar kemur, varið til námsstyrkja handa efnilegum stúdentum við Háskóla Íslands, og skulu ættmenn Benedikts Sveinssonar ganga fyrir um styrkveitingar úr sjóðnum, en að þeim frágengnum stúdentar úr Skaftafellssýslum.

Þann hluta arðs af eignum sjóðsins, er eigi gengur til styrkveitinga, skal leggja við höfuðstól hans.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og prenta hana í Árbók háskólans.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Verðlaunasjóð dr. juris Einars Arnórssonar“, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 24. marz 1953.

52

24. marz

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Verðlaunasjóð dr. juris Einars Arnórssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Verðlaunasjóður dr. juris Einars Arnórssonar.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 20 000 kr. gjöf dr. juris Einars Arnórssonar, gefin á 40 ára afmæli Háskóla Íslands.

3. gr.

Sjóðurinn er eign Háskóla Íslands og lýtur stjórn háskólaráðs, er sjá skal um að eignir sjóðsins séu jafnan varðveittar tryggilega og ávaxtaðar með sem hagkvæmustum hætti. Reikninga sjóðsins skal birta árlega í Árbók háskólans.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða og skal jafnan leggja við hann fimmtung árstekna hans. Fjórum fimmtungum teknanna má verja til verðlauna kandidötum fyrir afburða vel leyst skrifleg verkefni við próf í lagadeild, íslenzkum fræðum eða íslenzkri kirkjusögu.

5. gr.

Telji kennarar og prófdómendur í einhverri þeirri prófgrein, sem getur í 4. gr., kandidat hafa leyst skriflegt prófverkefni svo vel af hendi, að hann sé maklegur